

Mál nr. 0853/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0853/2024, Reykjanesbraut, Hafnavegur - Garðskagavegur (Kynning tillögu að áætlun)

**Athugasemd:**

Engar athugasemdir eru við matsáætlunina frá Isavia á þessu stigi og bendir jafnframt á að fulltrúi Isavia er í starfshópi Vegagerðarinnar um endurskoðun frumdaga og valkostagreiningu í samráði við Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Kadeco. Niðurstöður í þeirri endurskoðun ættu að liggja fyrir núna á haustmánuðum.

Með kveðju / Best regards

**Björn Edvardsson** Skipulagsfulltrúi / Planning Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavik Airport

**Höfundur:** Jakob Gunnarsson/jakob.gunnarsson@skipulag.is

**Sent inn þann:** 22.08.2024, **Fyrir hönd:** Isavia



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjanesbær 18. júlí 2024

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum vegna áforma um tvöföldun Reykjanesbrautar á milli Hafnavegar og Garðskagavegar, nr. 853/2024. Umsögn HES.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 2. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar í skipulagsgátt stofnunarinnar um matsáætlun vegna áforma um tvöföldun Reykjanesbrautar á milli Hafnavegar og Garðskagavegar

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti í matsáætluninni sem gætu helst átt við starfssvið embættisins.

Líkt og fram kemur í matsáætluninni á bls. 47 og 48 hafa farið fram mengunarmælingar og mengun greinst við Hafnaveg og efra Nikkelsvæðið í kjölfar starfsemi varnarliðsins á fyrri árum. Embættið hefur einnig vitneskju um að á svæðinu fyrir ofan Flugvelli 7 og 15 var gamall sorplosunarstaður sem gæti náð að áformuðu framkvæmdarsvæði. Embættið leggur áherslu á að verktakar sem vinna að framkvæmdunum séu vel upplýstir um tilkynningarskyldu til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja verði vart við mengun í jarðvegi.

Aðkoma Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að framkvæmdinni snýr helst að því að leiðbeina og yfirfara gögn finnst mengun í jarðveg, útgáfu leyfis fyrir starfsmannabústöðum, leiðbeiningar og eftirlit í kjölfar mengunarslyss, komi til þess og ef á við aðkomu að fráveitulausnum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari ábendingar eða athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,

  
J. Trausti Jónsson,  
heilbrigðisfulltrúi.



## Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjanesbær, 5. september 2024  
Mál nr. 2024020039

### Efni: Reykjanesbraut, Hafnavegur og Garðskagavegur - matsáætlun ósk um umsögn

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23.8.2024 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 3.9.2024

Skipulagsstofnun leitar umsagna umsagnaraðila vegna matsáætlana fyrir framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum á grundvelli 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulagsgátt mál nr. 853/2024.

*Reykjanesbær leggur áherslu á að fjallað sé um alla þá valkosti sem eru til skoðunar og sérstaklega horft til samfélagslegra áhrifa sem tæki líka til nærsamfélagsins. Nokkur fjöldi íbúa Reykjanesbæjar sækja störf við flugvöllinn sem er einn stærsti vinnustaður landsins og nokkur fjöldi sækir í vinnu og nám á Reykjavíkursvæðið, ásamt því fólki á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum sem sækja störf í Reykjanesbæ svo greiðar tengingar Reykjanesbrautar við gatnakerfi þéttbýlisins eru mikilvægar svo ekki byggist upp tafir þar. Á bls. 6 er þetta orðar ágætlega „Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka greiðfærni samgangna um Reykjanesbraut (41) og hafa þar með jákvæð áhrif á samfélagið.“*

*Með vísan til ákvæða stjórnslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbær – merkt skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.*

*Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.*

Ofangreint tilkynnist hér með  
f.h. Reykjanesbæjar

*Sigurður Þór Arason*

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



## Skipulagsgátt

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjanesbær, 25. júlí 2024

### Efni: Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0853/2024 í Skipulagsgátt

Óskað var eftir umsögn Reykjanesbæjar vegna framangreinds máls, Reykjanesbraut, Hafnavegur – Garðskagavegur, nr. 0853/2024: Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum) Eftirfarandi er umsögn Reykjanesbæjar.

Á 339. fundi umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar sem haldinn var þann 8. Júní 2024 var erindið tekið fyrir.

#### Bókun:

Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á að mikilvægt sé að tryggja öruggar teningar Reykjanesbrautar við Reykjanesbæ og að vinna þurfi hratt og örugglega. Auka þarf vægi almenningssamgangna í reiknilíkaninu og taka þarf aukið tillit til umferðartafa innan Reykjanesbæjar þegar hagkvæmni er metin. Huga þarf að áfangaskiptingu.

Reykjanesbær fagnar vinnunni en óskar jafnframt eftir því að haft verið samráð við sveitarfélagið við nánari útfærslur verkefnisins í framhaldinu.

Fyrir hönd  
Reykjanesbæjar,

*Erla Bjarný Gunnarsd.*

Erla Bjarný Gunnarsdóttir  
Lögfræðingur

#### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni

Mál nr. 0853/2024 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 0853/2024, Reykjanesbraut, Hafnavegur - Garðskagavegur (Kynning tillögu að áætlun)

**Athugasemd:**

Fh. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerði engar athugasemdir við matsáætlunina á fundi sínum 19. ágúst sl.

Með kveðju / Best regards

**Björn Edvardsson** Skipulagsfulltrúi / Planning Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavík  
Airport

**Höfundur:** Jakob Gunnarsson/jakob.gunnarsson@skipulag.is

**Sent inn þann:** 27.08.2024, **Fyrir hönd:** Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Rannsóknar- og miðlunarvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Inga Sóley  
Kristjónudóttir

ingasoley@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2024  
MÍ202408-0140/ 6.07 / I.S.K.

## Reykjanesbraut, Hafnavegur - Garðskagavegur umsögn um matsáætlun

Skipulagsstofnun hefur leitað eftir umsagnir umagnaraðila vegna kynningar á matsáætlunar um tvöföldun Reykjanesbrautar á 4,7 km löngum kafla milli Hafnavegar og Garðskagavegar.

Um er að ræða tvöföldun á Reykjanesbraut (41) um Keflavík, frá Hafnavegi (44) að Rósaselstorgi við Keflavíkurflugvöll. Vegurinn verður eftir framkvæmdina fjögurra akreina vegur með tveimur akreinum í hvora átt og aðskilnaði aksturstepna með vegriði.

Fjallað er um fornleifar í kafla 5.1.3. matsáætlunar Vegagerðarinnar. Þar kemur fram að svæðið hafi að stærstum hluta verið raskað áður en það er við hlið núverandi Reykjanesbrautar. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru minjar húsgrunna úr seinna stríði (Camp Rising) og hafa þær verið skráðar af fyrirtækinu Antikva ehf arið 2019. (Eiríkur Hermannson og Ragnheiður Traustadóttir. *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*. Antikva ehf 2019.) Minjastaðirnir verða merktir inn á loftmyndaskort, gert grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á minjarnar og settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir. Verður mat á áhrifum framkvæmdar byggt á fyrirliggjandi gögnum Antikva og minjasjá Minjastofnunar Íslands. Við verkhönnun verða framkvæmdasvæði færð til svo hægt sé að sneiða framhjá fornleifum sé það mögulegt. Ef nauðsynlegt reynist að raska fornleifum verður aflað leyfis hjá Minjastofnun Íslands í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012 og farið eftir ákvörðun Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir.

Minjastofnun hefur kynnt sér svæðið með tilliti til fornleifa. Ekki er til fornleifaskráning fyrir framkvæmdasvæðið sem uppfyllir núverandi kröfur um fornleifaskráningu að undanskildri skráningu

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Antikva ehf frá 2019 sem eingöngu snýr að herminjum. Fornleifastofnun Íslands ses skráði minjar á svæðinu árið 2001 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Reykjanesbraut (Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun Reykjanesbraut*. Fornleifastofnun Íslands ses. 2001) Í skýrslunni eru taldar upp þrjár minjar við Rósaselstjarnir, tvær tóftir (nr. GK -110:005 og GK-110:080 í skýrslu) og heimild um mógrafir (Gk -110:031). Þessi skráning er komin talsvert til ára sinna og uppfyllir ekki núverandi kröfur um fornleifaskráningu. Ekki er ljóst hvort þessum minjum stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum og er ekki fjallað um þær í matsáætlun. Nauðsynlegt er að fornleifaskráning fyrir framkvæmdasvæðið sé uppfærð af fornleifafræðingi svo þær uppfylli staðla, minjar mældar upp og merktar á loftmyndakort. Þá þarf að fjalla um minjar í matskýrslu og gera grein fyrir mögulegum áhrifum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun framkvæmdaraðila.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnun Íslands



Inga Sóley Kristjónudóttir  
Verkefnastjóri

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. júlí 2024  
Málsnúmer: 202407-0008  
SS

## Efni: Matsáætlun fyrir framkvæmd á tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnavegar og Garðskagavegar – umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 2. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun fyrir framkvæmd Vegagerðarinnar á tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnavegar og Garðskagavegar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og gerir ekki athugasemdir við hana. Í henni kemur fram það sem nauðsynlegt er að fjalla um. Um nokkuð viðamikla framkvæmd er að ræða en framkvæmdasvæðið sem um ræðir liggur í gegnum eða í jaðri þéttbýlis og athafnasvæðis Keflavíkurflugvallar og er að stórum hluta undir miklum áhrifum frá nálægð við mannvist og/eða raskað af fyrri framkvæmdum eða nýtingu. Náttúra svæðisins er fábreytt og verndargildi alla jafna lágt og engin skörun við verndarsvæði. Efnistaka verður úr opnum námum í rekstri í nágrenni svæðisins ef efni úr skeringum dugar ekki. Stefnt er að uppgræðslu á öllum sárum þar sem jarðrask verður til að vega upp skerðingar á gróðurþekju. Ólíklegt verður því að teljast að mati Náttúrufræðistofnunar að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði annað en óveruleg fyrir þá umhverfisþætti sem tengjast fagsviði Náttúrufræðistofnunar sem eru einkum gróðurfar, fuglalíf, jarðminjar og landslag.

Náttúrufræðistofnun hefur þegar veitt upplýsingar til Vegagerðarinnar varðandi stöðu gagna og verndargildi gróðurfars og fuglalífs á framkvæmdasvæðinu og er það mat stofnunarinnar að ekki sé þörf á að safna frekari gögnum um þessa umhverfisþætti.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er metið frekar nákvæmt fyrir svæðið og þar er gróðurþekja almennt gisin þó finnst vistgerðir með miðlungs eða hátt verndargildi. Alaskalúpína sem er framandi ágeng tegund er mjög útbreidd á hluta framkvæmdasvæðis sem rýrir verndargildi gróðurs. Ekki ætti að nota jarðveg með fræum alaskalúpínu vil uppgræðslu. Engar válistaplöntur eru þekktar á svæðinu.

Fuglalíf er fábreytt á svæðinu enda Reykjanesbraut með fælingarmátt, einkum fyrir varp fugla. Sílamáfsvarp sem áður var nokkuð stórt á svæðinu er nú að mestu horfið þó eitthvað varp sé enn til staðar. Náttúrufræðistofnun telur að gögn um fuglalíf svæðisins séu ágæt og er m.a. stutt síðan sílamáfsvarpið var metið. Stofnunin er tilbúin til að veita frekari ráðgjöf um fuglalíf svæðisins eins og þörf er.

Stefnt er að því að kortleggja jarðfræði og jarðveg svæðisins sumarið 2024 sem er jákvætt, ekki síst því mengaður jarðvegur er á svæðinu og mikilvægt að meta umfang og staðsetningu hans. Rannsóknin mun kortleggja helstu jarðmyndanir og meta verndargildi þeirra. Einkum er um grágrýtisholt að ræða. Ummerki frá ísöld s.s. jökulrákaðar klappir gætu verið á svæðinu og mikilvægt að kortleggja það.





Ekki eru gerðar athugasemdir við áformaðar greiningar á landslagi og ásýnd og áhrifum framkvæmdarinnar á þá umhverfisþætti.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar



**Vegna:** Máls nr. 0853/2024, Reykjanesbraut, Hafnavegur - Garðskagavegur (Kynning tillögu að áætlun)

**Athugasemd:**

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar tók fyrir matsáætlun á tvöföldun Reykjanesbrautar undir máli nr. 5 á 55. fundi ráðsins þann 22. júlí s.l..

Bókun fundarins:

Ráðið gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

**Jón Ben Einarsson** Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs — Sunnubraut 4, 250 Garður — 425 3000 847 2503 — [www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is) (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.sudurnesjabaer.is%2F&data=05%7C02%7CJakob.Gunnarsson%40skipulag.is%7C596ebacf5c9249bcaafa08dccb2ad2d%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638609490422641138%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=h%2B0mKiaDCFpuTXvfPMLfKBoI7Apj5Xu6GCIA61JER2M%3D&reserved=0>)

**Höfundur:** Jakob Gunnarsson/[jakob.gunnarsson@skipulag.is](mailto:jakob.gunnarsson@skipulag.is)

**Sent inn þann:** 03.09.2024 , **Fyrir hönd:** Suðurnesjabær